

Hverfisráð Hríseyjar

111. fundur

Fimmtudaginn 03. ágúst 2017 kl 10:00 var haldinn 110. fundur hverfisráðs í Hlein. Mættir voru: Þorgeir Jónsson, Kristinn Frímann Árnason og Claudia Werdecker.

Dagskrá:

1. Öryggismyndavélar

Hverfisráð vill ítreka að nauðsynlegt sé að setja upp öryggismyndavélar á Árskógssandi. Fólk sem kemur til Hríseyjar þorir ekki að skilja eftir neitt í bílunum sínum, og það hefur komið fyrir að bílar urðu fyrir skemmdarverkum á meðan þeir stóðu á bryggjunni.

Formaður hverfisráðs leggur auk þess til að öryggismyndavélar verði settar upp í Hrísey, svo lögreglan geti meðal annars fylgst með hvernig fólk hagar sér í umferðinni í eyjunni.

2. Slippurinn

Almennt eru allir ánægðir með slippinn, nema staðsetningu hans, því slippurinn er of nálægur húsunum. Einnig eru skemmdir á honum, og það þyrfti að steypa nýjan slipp. Það þyrfti að taka tillit til þess að fjölgun á skipum hefur átt sér stað í Hrísey. Kristinn ætlar að skoða málið nánar.

3. Malarvegir

Hverfisráð vill benda á að það þarf að laga malarvegina í Hrísey. Hefla þarf göturnar og rykbinda slitlagið. Stóra grjótið er komið uppúr veginum, og holur eru á öllum malarvegum. Laga þarf meðal annars Norðurveginn út í vita og Austurveginn. Hverfisráðið krefst að þessir vegir verði gerðir upp sem allra fyrst.

Formaður bendir á að ódýrasta lausnin sé að búa til efni í eyjunni.

4. Samgöngur

Hverfisráð óskar eftir því að fá að fylgjast með útboð varðandi Hríseyjarferjuna, svo ráðið geti gert athugasemdir. Til að tengja Hrísey við landið þarf þjónustan að vera enn betri, og það væri æskilegt ef upphringiferð væri í boði kl. 2. Formaður hverfisráðs bendir á að strætisvagn ætti að ganga frá Akureyri að bryggjunni á Árskógssandi, þess vagninn þarf að fara afleggjarann svo fólk noti hann. Þar sem vagninn fer ekki afleggjarann, ferðir eru fáar og ekki í samræmi við ferjuferðir, vantar allan hvata til að nota strætisvagninn.

5. Átak í eyðingu lúpínu og kerfils

Það þarf að halda lúpínu og kerfli í skefjum í Hrísey, en samkvæmt formanni hverfisráðs er mannskapur ekki tiltækur þegar þarf að slá. Að lágmarki þarf að slá tvísvar sinnum á ári. Einnig þarf að taka tilsögnina rétta, sem hefur stundum ekki verið gert. Ef bærinn ætlar að hafa átak í eyðingu lúpínu og kerfils, þarf að vera til vinnuafli.

6. Önnur mál

Hverfisráð og eyjarskeggjar þakka fyrir frábært hreinsunarátak í vor.

Hverfisráð vill benda á að það þyrfti að gera markaðsátak í að markaðssetja Hrísey fyrir búsetu, líkt og hefur verið gert á Akureyri. Það þarf að koma í gang stefnumótun fyrir Hrísey.

Hverfisráð fagnar því að saltframleiðsla á að hefjast á Kríunesi og fjölskylda sé að fara að flytja í eyjuna.

Notkun dróna nýtur vaxandi vinsælda í Hrísey. Hverfisráð telur að friðhelgi einkalífs sé í hættu og leggur til að það eigi ekki að leyfa notkun dróna yfir byggð nema með leyfi hjá viðkomandi sveitarfélaginu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 10:55.

Þorgeir Jónsson
Kristinn Frímánn Árnason
Claudia Werdecker

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker